

Mál nr. 61/2020
M og
V vegna sjúkra- og slysatryggingar.

Tilkynningafrestur 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna slyss
22. júní 2016.

Gögn.

Málskot, móttakið 19. febrúar 2020 ásamt gögnum.

Bréf V, dags. 3. mars 2020.

Bréf M, dags. 6. apríl 2020.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist á hægri hné 22. júní 2016 þar sem hann féll og rak hnéð harkalega í rekaviðardrumb. M kveðst hafa bólgað upp og leitað til læknis í júlí sama ár þar sem vökva var hleypt úr poka yfir hnéskelinni. Tilkynning um slysið var send til Váttryggingafélags Íslands hf. vegna frítímaslysatryggingar 24. júlí 2017. Frekari lækni meðferð eftir það fór fram og mat á afleiðingum slyssins lá fyrir með matsgerð dags. 29. nóvember 2018 og fékk M greiddar bætur úr frítímaslysatryggingu sinni hjá Váttryggingafélagi Íslands hf. í kjölfarið.

Hinn 6. febrúar 2019 sendi M tjonstilkynningu til V vegna sjúkra- og slysatryggingar og segir í málskoti að honum hafi ekki verið varanlegar afleiðingar slyssins ljósar fyrir en matsgerð dags. 29. nóvember 2018 hafi legið fyrir, en þar hafi honum fyrst verið ljóst að afleiðingar slyssins væru varanlegar. M telur því að þegar hann tilkynnti um slysið til V í febrúar 2019 hafi hann verið innan ársfrests 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) M vísar til dómaframkvæmdar um að upphafsdagur þess ársfrests geti ekki fyrir fyrir en tjonþoli hafi fengið staðfestingu bæklunarlæknis um varanlegt líkamstjón og sé þar um hlutrænt viðmið að ræða. Upplýsingar sem M hafi fengið um líkamstjón sitt hafi allar verið þannig að hnéð myndi lagast af sjálfu sér með tímanum og þess vegna hafi hann ekki gert sér grein fyrir varanlegum afleiðingum fyrir en við matsgerðina.

V telur að tilkynning sem barst félaginu um tveimur og hálfu ári eftir slys M hafi borist V eftir meira en eitt ár frá því M hafi mátt vera atvik að baki kröfu sinnar ljós í skilningi 1. mgr. 124. gr. vsl. V vísar einnig til þeirrar meðferðar sem lýst er í lækni fráfræðingum gögnum málsins þar sem M leitar til læknis vegna óþæginda rúmu ári eftir slysið, eða í ágúst 2017. M er þá vísað til sérfræðings í bæklunarlækningum og í september 2017 er hann til meðferðar hjá þeim lækni. V telur að M hafi mátt í síðasta lagi vera ljóst í september 2017 að afleiðingar slyss hans væru nokkrar og atvik að baki kröfu hans væru til komin. Einnig vísar V til þess að M hafi séð ástæðu til að tilkynna slysið til annars váttryggingafélags í júlí 2017 og staðfesti það að hann hafi vitað um þau atvik sem marka upphaf ársfrests 1. mgr. 124. gr. vsl.

Álit.

Ljóst er að M hlaut líkamstjón í slysi 22. júní 2016 og leitaði í ágúst 2017 til læknis vegna óþæginda sem hann hafði vegna þess. Í kjölfarið fór M til meðferðar hjá sérfræðingi í bæklunarlækningum í september sama ár. Rétt áður á árinu 2017, eða í júlí það ár, tilkynnti M um slysið til annars váttryggingafélags, þar sem hann var einnig með slysatryggingu. Með þeirri tilkynningu verður ekki annað séð en að M hafi verið kunnugt um atvik sem krafa hans er reist á, en öðruvísi hefði ekki verið tilefni til slíkrar tilkynningar, þó þar hafi átt í hlut annað váttryggingafélag en V. Verður ekki séð að V hafi verið gert kunnugt um slysið með öðrum hætti þar til tilkynning barst því félagi 6. febrúar 2019. Þá var liðið meira en ár frá því að M sá ástæðu til að tilkynna um slysið til annars váttryggingafélags. Verður ekki hægt að líta framhjá því við mat á hvenær atvik sem krafa er reist á hafi verið M kunnug. Ekki er því fyrir hendi bótaréttur úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 28. apríl 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.